

Fundur Bráðabirgðastjórnar Sósíalístaflókks Íslands

Haldinn 12. júní 2017 í húsnæði Bókasafns Dagsbrúnar, Þórunnartúni 2 í Reykjavík klukkan 20:00

Mætt voru Benjamín Julian, Gunnar Smári Egilsson, Laufey Ólafsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Sigurður H. Einarsson og Viðar Þorsteinsson. Sólveig Anna Jónsdóttir og Ásta Dís Guðjónsdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá fundar lá þegar fyrir af hálfu stjórnarmanna.

1 · Verklag stjórnar

Fundur stjórnar fram að þessu hafa verið með óformlegu sniði. Samþykkt var að gera fundi hér eftir formfastari, með fundarstjóra, ritara og fyrirfram samþykktum dagskrárdrögum. Var sá háttur hafður á þessum fundi. Fundarstjóri var Gunnar Smári Egilsson, ritari var Viðar Þorsteinsson.

Sátt var um að gera fundi bráðabirgðastjórnar stutta og hnitmiðaða, með áherslu á upplýsingagjöf og afgreiðslu mála frekar en breiða hugmyndavinnu. Breið hugmyndavinna og áætlanagerð fari fram utan fundanna að frumkvæði stjórnarmanna og annarra eftir atvikum en fái viðeigandi samþykki og umboð stjórnar á fundum.

Minnt var á að verkumboð af stofnfundi krefst þess að fundir séu opnir félagsmönnum og að fundargerðir séu gerðar opinberar á heimasíðu. Var áréttað framfylgja báðum þessum kröfum með upplýsingagjöf og miðlun á heimasíðu.

2 · Stjórn skiptir með sér verkum

María Gunnlaugsdóttir gekk úr stjórn í maímánuði sökum veikinda.

Samþykkt var að stjórn skipti með sér verkum, svo:

Formaður: Gunnar Smári Egilsson. Helsta formlega verkefni formanns er boðun funda.

Varaformaður: Sanna Magdalena Mörtudóttir. Hún annast boðun funda í forföllum Gunnars Smára.

Ritari: Viðar Þorsteinsson

Gjaldkeri: Benjamín Julian. Samþykkt var að Gunnar Smári Egilsson, sem hingað til hefur haldið utan um fjármál flokksins, komi prókúru og öðrum nauðsynlegum gögnum til Benjamíns Julian.

Aðrir virkir stjórnarmenn (Sólveig Anna Jónsdóttir, Laufey Ólafsdóttir, Ásta Dís Guðjónsdóttir, og Sigurður H. Einarsson) nefnast meðstjórnendur.

3 · Mótun stefnu fyrir Sósíalistapiing

Rætt hefur verið um undirbúning stefnumótunarvinnu á fyrri óformlegum fundum bráðabirgðastjórnar og var m.a. leitað til sérfræðings á sviði lýðræðislegrar ákvarðanatöku sem ráðlagði notkun slembivala. Samþykkt var á fundi að nýta slembivalaáðferð við skipun málefnaþópa. Formanni var falið að leggja fram tillögu fyrir næsta fund, unnin í samvinnu við stjórnarmenn eftir atvikum, um hvaða málefni verði valin og um verk- og tímáætlun fram að Sósíalistapiingi sem gegnir hlutverki landsfundar Sósíalistaþlokks Íslands og haldið verður eigi síðar en 1. nóvember 2017.

Stjórnarmenn ræddu um hvaða mál þeim væru hugleikin í málefnavinnu og bar þar hæst húsnaðismál, fátækt, heilbrigðismál, félagsleg undirboð og örorkumál.

4 · Myndbandagerð og miðlun

Rætt var um „video blog“ sem Gunnar Smári hefur haldið úti og hvernig nýta mætti slíkan miðil til að vekja frekari athygli á boðskap og mannafla þlokksins. Samþykkt var, og hvatt til, að hver og einn stjórnarmaður gæti haft frumkvæði að því að búa til slíkt efni.

5 · Fundahöld

Samþykkt var að kanna möguleika á málfundi, hugsanlega með erlendum fyrirlesara, um bresku kosningarnar og velgengni Jeremy Corbyn. Viðari var falið að kanna það nánar.

6 · Önnur mál

Stjórnarmenn lýstu stuðning við að stofnaðir yrðu sem flestir hópar utan um starfsemi á vegum þlokksins, til að mynda landshlutahópar og aðgerðahópar.

Fundi var slitið klukkan 21:50.

Fundargerð þessa ritaði Viðar Þorsteinsson